

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

50. fundur Stjórnar BS bs. haldinn mánudaginn 7. Sept. 2020

kl. 17:00 í fundarsal BS bs., Hringbraut 125

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Gestir fundarins: Anna Birgitta Geirfinnssdóttir, Óskar Ásgeirsson og Kristinn Eiríksson.

### Fundargerð.

#### Formaður setur fundinn.

1. Ársreikningar BS bs. 2019. Anna Birgitta, endurskoðandi BS bs. frá Deloitte ehf. fer yfir ársreikninginn og svarar fyrirspurnum.

Endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2019 lögð fram.

- **Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.**
- **Staðfestingabréf stjórnar lagt fram, slökkviliðsstjóra og formanni falið að undirrita bréfið.**

2. Staða framkvæmda við nýja slökkvistöð, eftirlitsmaður verksins. Óskar Ásgeirsson frá Glóru ehf. mætir á fundinn og fer yfir stöðu mála og svarar fyrirspurnum ásamt Kristni Eiríkssyni frá Verkfræðistofunni Lotu og Þorleifi Björnssyni frá Glóru ehf.

3. Brunavarnaráætlun fyrir 2019-2025.

- **Brunavarnaáætlun lögð fram til samþykktar, Stjórn samþykkir hana og felur slökkviliðs-stjóra að senda hana til Húsnæðis- og Mannvirkjarstofnunar.**

4. Staða fjármála.

- **Rekstur er samkvæmt áætlun, en launaliður er örlítið yfir áætlun.**

5. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2021 -2024. Fyrsta umræða.

6. \* **Endanleg drög verða lögð fyrir næsta stjórnarfund.**

7. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

- 
- Ný sjúkrabifreið var afhent í síðasta mánuði og önnur mun verða afhent í þessum mánuði. Hefur bifreiðin reynst mjög vel og er almenn ánægja með hana.
  - Viðræður eru hafnar við Sjúkratryggingar Íslands um samning um að BS taki við sjúkraflutningum í Grindavík til framtíðar.
  - Þann 6. September gerðist það að slökkviliðsstjóra var afhentur lykill að nýrri slökkvistöð svo slökkviliðið geti byrjað að koma inn húsgögnum og öðrum búnaði þó að formlegri afhendingu á stöðinni sé ekki lokið.

**Fundi slitið kl. 19:00**